

✉ Re: Ósk um umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032

Búið til	18.1.2022 17:57:47
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	18.1.2022 17:57:47
Tilheyrir	📁 202112-0047 - Ósk um umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032

Efni

Re: Ósk um umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032

Upplýsingar

Sent	18.1.2022 17:57:47	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Pátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulag@dalir.is

Innihald

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202112-0047 (BK, LÁ, SS, IAS)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar, dags. 17. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögnin sem fylgja tillögunni og samanstanda þau af greinargerð, umhverfismatsskýrslu og uppdætti. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, kemur fram flest það sem fjalla þarf um í frekari vinnu við nýtt aðalskipulag.

Í tillögunni er lögð almenn áhersla á mikilvægi þess að vernda náttúru svæðisins, m.a. er stefnt að verndun og endurheimt votlendis. Mikilvægt er að þessi áhersla endurspeglis í ákvarðanatöku um einstök deiliskipulagsáform eða leyfisveitingar.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

Líkt og fram kemur í greinargerðinni þá eru umfangsmikil svæði í Dalabyggð þar sem finnast mikilvægar vistgerðir, m.a. votlendi og birkiskógar. Þá eru í Dalabyggð nokkur svæði sem tilnefnd hafa verið af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruinjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela og má þar nefna Breiðafjörð og Laxárdalsheiði.

Í ljósi þess lýsir Náttúrufræðistofnun yfir þungum áhyggjum af áætlunum um uppbyggingu vindorkuvera innan sveitarfélagsins en annað verið yrði staðsett innan tilnefnds B-hluta svæðis á Laxárdalsheiði. Auk mikillar áflugshættu fyrir fugla (m.a. viðkvæmar tegundir eins og hafernir) þá er um að ræða stór landsvæði sem fara undir mannvirkin, að mestu votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Óbyggð svæði munu skerðast með tilkomu þeirra sem fellur ekki vel að eftirfarandi markmiðum sveitarfélagsins:

- Markmið að viðhalda stórum samfelldum óbyggðum svæðum þar sem mannvirki eru fá og áhrifa mannsins gætir lítið.
- Við framkvæmdir verði vernd sjónræns gildis og heildstæð mynd umhverfisins ávallt höfð að leiðarljósi.

Þá munu framkvæmdirnar hafa í för með sér mikið búsvæðatap fyrir mófugla, m.a. vegna jaðaráhrifa sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra tegunda er lægri næst ýmiskonar mannvirkjum en fjær og getur þessara áhrifa gætt langar vegalengdir.

Gert er ráð fyrir mikilli fjölgun frístundahúsa, bæði á þegar skipulögðum frístundasvæðum sem og nýjum svæðum. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við skipulag sé tekið tillit til náttúrufars þeirra svæða sem á að taka undir slíka byggð. Frístundabyggðir breyta einnig landslagi og geta haft áhrif á merkar jarðminjar, skemmt þær eða breytt sýnileika þeirra og aðgengi að þeim. Æskilegast er að staðsetja frístundabyggð á lítt grónum svæðum eða svæðum sem þegar hefur verið raskað með öðrum mannvirkjum og/eða skógrækt, m.a. til að takmarka búsvæðatap mófugla og ofangreind jaðaráhrif.

Í töflu 17.1 eru listaðar upp lágmarksfjarlægðir fyrir frístundahús vegna takmarkandi þátta. Þar er lágmarksfjarlægð frá vötnum, ám og sjó 50 m en æskilegt væri ef þessi væri a.m.k. 100 m en við þá fjarlægð er miðað við í B- hluta tillögum Náttúrufræðistofnunar. Einnig ættu þessi fjarlægðamörk að gilda um nærliggjandi votlendi, sérstaklega þau sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (<https://serstokvernd.ni.is/> (<https://serstokvernd.ni.is/>)).

Í skipulaginu er stefnt að því að binding gróðurhúsalofteggunda verði aukin, m.a. með skógrækt, og nefnt að greinin fari vaxandi í sveitarfélaginu. Rætt er að skógrækt geti haft áhrif á ýmsa þætti en það mætti fara ítarlegar í það um hvaða þætti er að ræða og leggja áherslu á að markmið um bindingu gróðurhúsalofteggunda stangist ekki á við markmið um verndun líffræðilegs fjölbreytileika. Í því samhengi má nefna að flestar tegundir vaðfugla þrífast ekki í skógum og forðast skógarjaðra sem lýsir sér þannig að þéttleiki margra tegunda er lægri nær skóginum en fjær. Því er mikilvægt að vanda valið þegar kemur að staðsetningu skógræktar til að takmarka búsvæðatap vaðfugla. Það er gert með því að planta t.d. frekar í halla og á sem minnst grónu landi. Einnig ætti að vera lögð áhersla á að nota ekki framandi ágengar tegundir í skógrækt en stafafura hefur t.d. verið skilgreind sem ágeng víða erlendis. Á uppdrætti aðalskipulagsins (vinnslutillögu) eru ekki sýnd skógræktar- og landgræðslusvæði og þau eru heldur ekki tilgreind undir kafla 17.14 um landnotkun.

Í töflu 17.3 eru listaðar lágmarksfjarlægðir á milli takmarkandi þátta og skógræktar. Líkt og fyrir frístundabyggðir er það skoðun Náttúrufræðistofnunar að lágmarksfjarlægð frá vötnum, ám og sjó ætti að vera 100 m og að þau ættu einnig að gilda um nærliggjandi votlendi.

Fyrir utan Breiðafjörð eru engin friðlýst svæði í sveitarfélaginu og þá er stefnt að minnkun, endurskilgreiningu og niðurfellingu á hverfisvernd á nokkrum svæðum og ekki koma fram ástæður þess. Í tillögunni er sett fram eftirfarandi markmið:

- Stuðlað verði að verndun votlendis og merkra birkiskóga, m.a. með

afmörkun hverfisverndarsvæða. Setja þyrfti fram áætlanir um verndun fleiri svæða af þessu tagi, sérstaklega ef það er verið að draga úr vernd annarra svæða.

Yfir 40 efnisnámur eru tilgreindar í aðalskipulaginu og eru námurnar nánast allar á vegum Vegagerðarinnar. Aðallega eru þetta setnámur en sveitarfélagið hefur að geyma margar merkar jarðminjar frá lokum isaldar. Væri þörf á að vernda setmyndanir í Dalabyggð frá þessu tímabili jarðsögunnar. Í kafla um jarðveg kemur fram að í Döllum er mesta magn af hvarfleir sem vitað er um hérlendis og finnst leirinn víða í dalbotnum og sjávarbökkum. Þá er nokkuð um setnám í árfarvegum þar sem gæta þarf að lífríki í ám og rofhættu vegna efnistöku. Í aðalskipulaginu þarf að gera grein fyrir nýjum efnistökuáttum undir kafla 17.7 og taka þarf út þær námur sem hefur verið gengið frá og lokað.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda vinnslutillögu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Að lokum skal bent á grein sem kom nýlega út í Náttúrufræðingnum; „Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla“ (Tómas Grétar Gunnarsson, 2020) en allir sem koma að skipulagsmálum í dreifbýli ættu að kynna sér efni hennar. Á Íslandi eru gríðarstórir vaðfuglastofnar en það eru ýmsar hættur sem koma til með að steðja að þeim á komandi áratugum, t.d. má nefna hugmyndir um stórfellda aukningu í skógrækt á láglandi, aukinn fjöldi frístundabyggða og dreifingu lúpinu. Auk þess sem hækkandi hitastig og víða minnkandi sauðfjárbætur mun leiða til hávaxnari og þéttari gróðurs sem leiðir til fækkunar búsvæða fyrir vaðfugla en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast alls ekki í skóglendi. Það er því brýnt að sveitarfélög marki sér stefnu um verndun og endurheimt búsvæða vaðfugla, að tekið sé tillit til þarfa þeirra við hvers kyns skipulag og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á vaðfugla.

Helstu þættir sem geta stuðlað að vernd vaðfugla eru dregin saman í einfaldaðri töflu hér fyrir neðan úr grein Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020).

Einfölduð tafla úr grein Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020). Þættir sem geta stuðlað að ákjósanlegri verndarstöðu íslenskra vaðfuglastofna. Tillögurnar nýtast einnig mörgum öðrum hópum íslenskra fugla. Nánari útskýringar má finna í meginþexta greinarinnar.

Landgerðir

Aðgerðir

Opið land	Vaðfluglastofnar þrífast á opnu landi af ýmsum gerðum. Mikilvægt er að hafa sem stærst svæði á láglandi með sem minnstu af mannvirkjum og hávöxnum gróðri. Samanlögð áhrif þessa loka landslaginu og valda því að vaðfluglastofnum hnignar. Skilyrði fyrir vaðflugla fylgja hóflegri sauðfjárbreit og hefðbundinn sauðfjárbúskapur er líklega víða ein af forsendum fyrir sterkum vaðfluglastofnum.	
Votlendi	Vernd og endurheimt votlendis er mikilvæg þar sem við verður komið. Votlendi er mikilvægt vaðfluglum og öðru dýralífi langt út fyrir mörk sín. Víða er hægt að viðhalda tjörnum og blautum blettum, og jafnvel búa til slíkt votlendi innan um land sem er í notkun, t.d. landbúnaðarland	
Fjörur	Gagnlegt er að takmarka umferð manna og gæludýra um fjörur á fartíma á vorin og á varptíma (apríl-júlí) þar sem saman fara fuglarík svæði og mikil umferð, s.s. nálægt þéttbýli og við ferðamannastaði.	
Áreyrar og sandar	Hálfgrónar eyrar og sandar á nokkrum afmörkuðum svæðum á landinu, oft meðfram ám og sjó, eru búsvæði verulegs hluta af heimsstofni spóa og fjölda annarra vaðflugla. Í bráð eru þessi svæði í hættu vegna ágengra tegunda, einkum lúpínu, og í lengd vegna loftslagsbreytinga og stýringar vatnsfalla. Rík ástæða er til að vernda verðmætustu svæðin fyrir landnámi lúpínu og fleiri hávaxinna jurta. Hér má til dæmis nefna eyrar meðfram ám á Suðurlandi og sanda við Öxarfjörð og Úthérað.	
Skógrækt	Skógrækt, og önnur ræktun hávaxinna plantna, er skilvirk leið til að fækka vaðfluglum og er því mikilvægt að huga að skipulagi skógræktar bæði innan jarða en ekki síður á landsmælikvarða. Við skógrækt ætti að kappkosta að planta frekar færri og stærri skógum en fleiri og minni til að lágmarka lengd skógarjaðars þar sem skógarreitir minnka þéttleika vaðflugla langt út fyrir skógarmörk. Plöntun í halla og á sem minnst grónu landi lágmarkar einnig neikvæð áhrif skógræktar á flesta vaðflugla. Mest er af vaðfluglum á frjósömum og grónum láglandissvæðum og á slíkum svæðum hefur skógrækt mest áhrif á vaðflugla.	Hei mild: <i>Tóm as Grét ar Gunnars son 2020</i>
Landbúnaðarland	Landbúnaðarland er hagnlegt sumum tegundum vaðflugla en mikilvægi þess virðist fara nokkuð eftir því hvað er í næsta umhverfi. Mikilvægt er að hlífa úthaganum í grennd við landbúnað sem mest fyrir öðru raski en hóflegri beit. Órækt í kringum ræktað land, s.s. breiðir óslegnir kantar í kringum spildur, gagnast sem hreiðurstæði. Mikilvægt er að viðhalda tjörnum og votlendi í kringum landbúnaðarland. Líklegra er að ungar sleppi þegar tún eru slegin innan frá og út en öfugt.	<i>Búsvæði og vernd íslen skra vaðflugla. Náttúrufriðunin guri nn 90</i>
Mólendi	Mólendi er enn víðáttumikið og stendur undir stórum stofnum vaðflugla á landsmælikvarða. Mólendi á láglandi og lágheiðum er mikil- vægast. Suðurland er mikilvægasta landsvæðið fyrir vaðflugla en þar hefur mólendi verið skert mikið, einkum með frístundabyggð og skógrækt. Mikilvægt er að hlífa stærstu svæðunum sem eftir standa fyrir mannvirkjum og ræktun. Þar eru Lyngdalsheiði og Mosfellsheiði í sérflokkum sökum stærðar.	<i>(2-3) bls. 145-162.</i>
Mannvirki	Vaðfluglar forðast háreist mannvirki, s.s. byggingar og vindmyllur, rétt eins og hávaxinn gróður og vegi. Best er að áhrifasvæði slíkra umsvifa skarist sem mest til þess að þau hafi áhrif á sem minnst flatarmál af búsvæðum vaðflugla á opnu landi. Mörk um fjarlægð milli vatns og mannvirkja (50 m) í skipulagsreglugerð eru of knöpp til að tryggja sjálfsagða fuglavernd.	

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

www.ni.is (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTiil6k1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórður Már Sigfússon" <skipulag@dalir.is>

To: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>

CC:

Subject: Ósk um umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032

Date: 17.12.2021 14:54:28

Góðan daginn,

meðfylgjandi er bréf til hagsmunaaðila þar sem óskað er eftir umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032. Bréfið er sent til opinberra stofnana auk svæðisbundinna stofnana, aðliggjandi sveitarfélaga, önnur sveitarfélög við Breiðafjörð, féлага- og hagsmunasamtaka auk annarra aðila.

Tilhögun og lengd athugasemdarfrestar er til 18. janúar 2022 eins og útlistað er nánar í bréfinu.

Gögn vinnslutillögunnar eru að finna í meðfylgjandi tengli: <https://dalir.is/frettir/adalskipulag-dalabyggdar-2020-2032-kynning-tillogu-a-vinnslustigi/> (<https://dalir.is/frettir/adalskipulag-dalabyggdar-2020-2032-kynning-tillogu-a-vinnslustigi/>)

Virðingarfyllst,

Þórður Már Sigfússon

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldraneshreppi og Árneshreppi

Netfang / email: skipulag@dalir.is (<mailto:skipulag@dalir.is>)

Viðhengi

image001.png (11 KB)